

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 6.fundur skólanefndar
6.apríl 2004 – haldin á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Eyþór Benediktsson, Sveinn Þór Elínbergsson, Sigríður Finsen og Guðbjörg Aðalbergisdóttir og Pétur Guðmundsson

Formaður setti fund kl. 16:10 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

1. Fréttir af byggingamálum
2. Ráðningarmál
3. Hönnun merkis ofl
4. Önnur mál

1. Skólameistari kynnti að samningur hefur verið gerður við Loftorku hf um skólabygginguna. Breytingar hafa orðið á framkvæmdaáætlun, lokið verður fyrst byggingu á minni rýmum, íþróttasal og aðstöðu fyrir nemendur fyrir 25.ágúst. Lokið verði við alla bygginguna þann 30.nóvember 2004 .
2. Skólameistari sagði frá því að 25 umsóknir hafa borist um stöður kennara og starfsmanna, umsóknarfrestur rennur út þann 7.apríl. Stefnt er að því að ganga frá ráðningum fyrir 1.maí.
3. Hönnun merkis: Skólameistari sýndi nefndarmönnum tillögur að bréfsefni, umslögum, nafnspjöldum og kynningarmöppum fyrir skólann. Skólameistari mun biðja um breytingar á útfærslu í nokkrum tilfelum.
4. Önnur mál:
 - a) Skólameistari lagði fyrir bréf til menntamálaráðherra um stöðu Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem þróunarskóla vegna viðbótarframlaga. Nefndarmenn höfðu fengið send drög að bréfinu, samþykkt að senda bréfið óbreytt til menntamálaráðherra.
 - b) Til fundar við skólanefnd komu fulltrúar frá Rauða Krossinum á Vesturlandi, og kynntu hugmynd um að RKÍ leggi til starfsmann til skólans sem sér um félagsstarf fyrir unglunga á Snæfellsnesi, svipað og td. Menningarhúsið á Akranesi. Búið er að setja á stað vinnu við þarfagreiningu. RKÍ á Vesturlandi mun standa að verkefninu í 3 ár, greiða 75% á fyrsta ári, 50% á öðru ári og 25% á þriðja ári. RKÍ mun á næstunni vera í sambandi við sveitarfélögin til að útfæra þessa hugmynd og leita eftir samningi um stuðning þeirra við verkefnið.

Fundi slitið kl 17:40

